

**From:** [Jóhannes Þórólfur Guðmundsson](#)  
**To:** [Sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps](#)  
**Subject:** Endurbætur húsnæðis  
**Date:** þriðjudagur, 15. nóvember 2022 23:41:24  
**Attachments:** [minnisblað-viðgerðágaflihaust22.pdf](#)

---

Sæl

Á fundi okkar um daginn ræddum við aðeins um húsnæðismálin okkar og endurbætur. Gjaldkerinn tók saman verkið sem við vorum að vinna á gaflinum hjá okkur og fer yfir áætlun á því litla sem eftir er.

Tekin var ákvörðun um að senda skjalið inn til sveitarstjórnar til að kanna mögulega þátttöku í framkvæmdinni sem var heldur kostnaðarsöm en þó innan kostnaðaráætlunar. Við áttum okkur á því að það er ekki sjálfgefið að tekinn sé þáttur í verki sem þegar hefur verið unnið án þess að óska eftir því fyrirfram en litið var á sem svo að ekki gæfist tími til þess að fara í viðræður við aðra eigendur hússins þar sem það mátti engan tíma missa þegar þetta langt var liðið fram á haustið og aldrei að vita hvenær lægðir færu að ganga á land hver á fætur annarri.

Því viljum við óska eftir því að samantekt þessi sé lögð fyrir á sveitarstjórnarfundum til að kanna hvort svigrúm sé fyrir að styðja okkur í framkvæmdinni hvort sem er að fullu fyrir eignarhlut sveitarfélagsins í húsinu eða hluta.

Kveðja, Jóhannes  
Formaður Hs. Tintron